

Heiti: Er þetta par! – Can you match it!

Minnispil - orðaforði

Aldur: 3 – 5 ára

Fjöldi leikmanna: 1 - 4

Leiktími: 5 - 10 mínútur

Innihald: 12 pör af spjöldum

Hugmynd og markmið:

Börnin læra um hvernig spjöldin eiga saman um leið og þau leika. Spjöldin eru eins og bitar í pússli. Börnin setja þau sjálf saman. Það er gaman að finna par, jafnvel þó einn leiki.

Það er margt að kanna.

Til dæmis:

Hvað sérð þú? Hvað gerir þú við það? Hvaða litir eru á myndunum?

Undirbúningur:

Á spjöldunum eru myndir af

Jakka – buxum	Epli – eplakjarna
Kertum – afmælistöku	Dúkku – kerru
Tannbursta – tannkremi	Stól – borði
Litum – mynd	Eimreið – lestarvagin
Fjarstýringu – sjónvarpi	Sandformi – fötu
Lagt á borð – hnífur/gafall/skeið	Ísbrauði – ís úr vél

Gangur spilsins:

1. Finna pör

Stokkið spjöldin og leggið á borðið, myndin snýr upp. Finnið pör. Segið hátt og skýrt hvað er á myndunum.

2. Hver er með spjaldið sem passar á móti?

Einn leiðir og er með annan helming allra paranna. Hann deilir hinum helmingnum á meðal leikmanna/spilara. Sá sem leiðir tekur spjald úr bunkanum og spyr – hvað passar með fötunni?- eða – hver er með eplið?- þar til öll pörin hafa gengið upp.

3. Skiptast á myndum

Stokkið spjöldin og leggið á borðið, myndin snýr niður. Skiptið þeim jafnt á

leikmenn. Allir snúa spjöldunum við og skoða myndirnar. Ef leikmaður hefur þar þá tekur hann það og leggur til hliðar. Leikmenn spyrja spurninga svo þeir geti myndað pör. Sá sem leikur fyrst spyr um hluta sem hann vantar til að geta myndað þar og býður annan hluta í skiptum. Sem dæmi – ef ég gef þér ísinn má ég þá fá dúkkuna? - Ef skiptin fara fram þá er parið lagt til hliðar. Næsti á leik. Haldið er áfram þar til öll pörin hafa gengið upp.

4. Veiða myndir

Þetta tilbrigði er fyrir eldri börn. Skiptið spjöldunum á milli barnanna, myndin snýr niður. Hver leikmaður skoðar hvaða mynd er á spjöldunum án þess að sýna öðrum. Sá sem er með þar/pör leggur þau til hliðar, myndin snýr upp. Hin spjöldin liggja á borðinu, myndin snýr niður. Eins og áður þá skiptast leikmenn á að spyrja um hluta sem þá vantar. Ef leikmaður hefur hlutann sem spurt er um þá verður hann að láta hann af hendi. Nú tekur sá við og spyr spurninga til að geta myndað þar. Pör eru lögð á borðið, myndin snýr upp. Haldið er áfram þar til öll pörin hafa gengið upp.

Þýðing: Eirný Valsdóttir